

---

## Lækjartúnslína 2

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 20. febrúar 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsnet hf. um fyrirhugaða Lækjartúnslínu 2, Ásahrepp og Rangárþingi ytra skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.21 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Lækjartúnslína 2. Fyrirspurn um matsskyldu. Landsnet, febrúar 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Ásahreppi með bréfi dags. 21. mars 2019.
- Rangárþingi ytra með tölvupósti dags. 12. mars 2019.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. mars 2019.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. mars 2019.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. mars 2019.
- Fiskistofu með bréfi dags. 20. mars 2019.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 26. febrúar 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 28. mars 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að þörf sé á að styrkja raforkuflutningskerfið austan við Þjórsá þar sem raforkuþörf á svæðinu hefur aukist á síðustu árum. Núverandi háspennulína frá tengivirki við Hellu að tengivirki við Selfoss er 66 kV loftlína sem tekin var í notkun árið 1947.

##### Framkvæmdasvæði og staðsetning mannvirkja

Áformað er að byggja um 11 m hátt, 350 m<sup>2</sup> tengivirki undir Búrfellslínu 2 í landi Lækjartúns 2 í Ásahreppi, skammt austan Þjórsártúns. Einnig er áformað að Selfosslína 2 verði sett í jörð á um 16 km löngum kafla á milli Hellu og Lækjartúns 2. Strengurinn verður allt að 132 kV og mun kallast Lækjartúnslína 2. Selfosslína 2 verður tengd við tengivirkið með um 1 km jarðstreng og í kjölfarið verður línan rifin á kaflanum frá Lækjartúni að Hellu. Gert er ráð fyrir að jarðstrengurinn, Lækjartúnslína 2, liggi að mestum hluta meðfram Suðurlandsvegi, í gegnum Ásahrepp og Rangárþing ytra, frá tengivirki við Hellu að nýju tengivirki í landi Lækjartúns 2.

##### Lagning jarðstrengsins

Fram kemur að við lagningu jarðstrengsins verður grafinn um 0,8 m breiður skurður, niður á um 1,3 m dýpi, botninn þakinn strengsandi og strengnum komið fyrir á skurðbotninum. Hann síðan þakinn



sandi og öryggisborði settur yfir til varnar. Fleyga þarf strenginn niður í klapparhaft í Hárlaugsstaðabrekku og í árfarvegi Rauðalækjar. Á stöku stað eru sandsteinsklappir sem eru græfar með stórum grófum.

### Efnistaka og slóðar

Fram kemur að uppgrafið efni úr skurði verður notað til endurfyllingar í skurð og þar sem hægt er í slóða. Gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að flytja þurfi allan strengsand á svæðið þar sem hann þarf að uppfylla kröfur um varmaleiðni. Umframefni sem nemur aðkeyrðum strengsandi er jafnað út yfir skurðstæði eða meðfram slóða þar sem við á. Fylliefni verða tekin úr opnum námum sem eru fyrir hendi, skv. gildandi aðalskipulagi og eru með framkvæmdaleyfi. Fram kemur að slóðagerð verður haldið í lágmarki en þar sem þess gerist þörf verður gerður vinnuslóði sem mun verða 3,5 m að breidd og að jafnaði 30–50 cm þykkur meðfram strengleið og slóðinn fjarlægður að framkvæmdum loknum og landið fært aftur í sem næst fyrra horf, nema landeigendur óski eftir því að slóðinn verði áfram í tengslum við nýtingu jarðarinnar.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

### Gróður

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að helstu umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengs felist í raski á gróðurþekju en að framkvæmd lokinni er gert ráð fyrir að sáð verði í sárið og landið fært í fyrra horf. Þar sem lagnaleiðin verður að mestu leyti innan helgunarsvæðis vegar er ekki talið að rask á gróðurlendi verði umfangsmikið. Þar sem vikið verður frá vegsvæðinu er farið um gróðurlendi með fremur algengum vistgerðum sem tiltölulega auðvelt að græða upp og færa til fyrra horfs. Á lagnaleið eru ekki vistgerðir sem njóta verndar, um er að ræða mó- og graslendi sem hefur verið nýtt til beitar.

Umhverfisstofnun bendir á að á strengsleiðinni eru vistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist með mjög hátt verndargildi auk þess sem þessum vistgerðum fylgir ríkulegt fuglalíf. Stofnunin telur að til uppgræðslu eigi að nota staðargróður eins og kostur er t.a.m. með því að geyma svarðlag til að leggja aftur yfir. Stofnunin telur slík vinnubrögð við frágang svæða sérstaklega mikilvæg þegar um er að ræða vistir með verndargildi. Mikilvægt er að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað að mati stofnunarinnar. Á öðrum svæðum þar sem finna má vistgerðir með lágt verndargildi telur Umhverfisstofnun að nota eigi lágvaxnar grastegundir sem svipa til staðargróðurs ef ekki tekst að fræslægja. Umhverfisstofnun bendir á að skv. lögum um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi Rauðalækjar.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að mikilvægt sé að horfa til þess á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru við Suðurlandsveg sem liggur um landbúnaðarsvæði, sem að stórum hluta eru framræst tún og hagar. Því er að vænta að röskun sé nú þegar orðin á gróðurfari votlendra vistgerða sem þarna hafa verið kortlögð. Óháð ástandi lands þá leggur Landsnet á það áherslu að á framkvæmdatíma verði rask lágmarkað og svæðið grætt upp með staðargróðri að framkvæmdum loknum. Í útboðsgögnum fyrir framkvæmdina verður lögð áhersla á að svarðlag verði endurnýtt eins og kostur er við frágang.

Umhverfisstofnun telur að á rúmlega 1 km kafla á strengsleiðinni sé votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd en þar er kveðið á um sérstaka vernd votlendissvæða og ber að forðast röskun þeirra nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með



orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á mikilvægi þess við útgáfu framkvæmdaleyfis verði tryggt að tekið verði til skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi til röskunar votlendis þrátt fyrir framangreint fer Umhverfisstofnun fram á, með vísan til 5. mgr. 61. gr., að leyfisveitandi rökstyðji þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá fer stofnunin fram á að afrit af útgefnu leyfi verði sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Í svörum Landsnets kemur fram að umrætt votlendi beri ummerki röskunar, þar eru m.a. skurðir, reiðstígar og slóðar auk þess sem lagður hefur verið ljósleiðari og hitalögn um svæðið. Landsnet telur að við fyrirhugaðar framkvæmdir verði ekki röskun á votlendi sem nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd og tilmæli Umhverfisstofnunar til leyfisveitenda með tilliti til röskunar á votlendi og ákvæða laga um náttúruvernd þar um, eigi ekki við í tilfelli framkvæmda við Lækjartúnslínu 2.

#### **Landnotkun**

Vegagerðin bendir á að skv. samgönguáætlun 2019 – 2033 er fyrirhugað að breikka Suðurlandsveg í þrjár akreinar og aðskilja akstursstefnur við fyrirhugað lagnastæði strengsins. Þörf sé á samvinnu við framkvæmdaraðila þar af lútandi.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet hafi átt fundi með Vegagerðinni vegna jarðstrengslagnarinnar. Landsnet hefur tekið mið af þeim fyrirætlunum við ákvörðun um staðsetningu strengsins og mun verða í frekara sambandi við Vegagerðina þegar kemur að framkvæmdum.

#### **Menningarminjar**

Fram kemur að skráning fornleifa í Ásahreppi sé lokið og langt komin í Rangárþingi ytra. Nokkrar þekktar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðisins, en að sögn verður þess gætt að minjum verði ekki raskað að óþörfu. Komi í ljós fornleifar á lagnaleiðinni verða framkvæmdir stöðvaðar og haft samráð við Minjastofnun. Samkvæmt framkvæmdaraðila er fyrirhugað að strengleiðin verði að mestu í eða við vegstæðið, því telur framkvæmdaraðili að svæðinu hafi að hluta til verið raskað og þar með mögulegum minjum.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að sjö þekktar fornleifar hafa verið skráðar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Að mati stofnunarinnar verði nauðsynlegt að grípa til mótvægisáðgerða vegna mögulegs rasks. Telur stofnunin að fornleifafræðingur þurfi að hafa eftirlit með framkvæmdum í grennd við þekktar minjar og eftir efnun, rannsaka þær minjar sem ekki verður komist hjá að raska.

Minjastofnun Íslands telur mikilvægt að fornleifafræðingur hafi eftirlit með niðurrifi Selfosslínu 2 við Borgarholt þar sem vitað er að rafmagnsstaur hafi verið settur niður án þess að mögulega hafi verið gætt að þeim minjum sem í grennd væru.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að Landsnet mun vinna að framkvæmdum í samráði við fornleifafræðing í samræmi við ábendingar Minjastofnunar Íslands.



## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ásahrepps og Rangárbings Ytra skv. skipulagslögum. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Framkvæmdin er jafnframt háð leyfi Fiskistofu sbr. lög um lax- og silungsveiði.

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Ásahrepps 2010 – 2022 og Rangárbings Ytra 2010 – 2022.

## 6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða áform um lagningu jarðstrengs og niðurrif loftlínu á um 16 km löngum kafla á milli Hellu og Lækjartúns 2 auk byggingu tengivirkis. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 sbr. lið 10.21 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, nýtingu náttúruauðlinda og úrgangsmýndunar, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur að verið er að leggja jarðstreng nokkuð langa vegalengd, en um leið verður loftlína fjarlægð á sama kafla sem mun gera það að verkum að ásýnd svæðisins mun breytast til hins betra sem og koma í veg fyrir áflugshættu fugla. Mikilvægt er að verktilhögun taki mið af því að lágmarka það rask sem fyrirhugað er vegna lagningar jarðstrengsins en hann verður að stórum hluta lagður innan við áhrifasvæði Suðurlandsvegur og um landbúnaðarsvæði.

### Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa, sbr. 2 tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, einkum með tilliti til votlendissvæða.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er eins og áður segir að stórum hluta innan áhrifasvæðis Suðurlandsvegur sem þegar hefur verið raskað. Innan fyrirhugaðrar lagnaleiðar eru á kafla votlendissvæði sem að mati Umhverfisstofnunar njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til. Landsnet hefur bent á að votlendið ber ummerki röskunar m.a. eru þar skurðir, reiðstígar og slóðar. Mikilvægt er að draga eins og kostur er úr raski við framkvæmdina og leggja áherslu á vandaðan frágang.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eiginleika hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Ekki er þess að vænta að áhrif framkvæmdarinnar verði neikvæð að því gefnu að verktilhögun verði með þeim hætti sem framkvæmdaraðili lýsir í greinargerð og kemur fram í viðbrögðum við umsögnum. Vænta má að áhrifa gæti fyrst um sinn á þeim svæðum sem eru viðkvæm fyrir raski sbr. votlendissvæði sem fyrr segir. Ef vel er staðið að framkvæmdinni almennt og einkum á votlendissvæði ættu langtímaáhrif að verða óveruleg og afturkræf að mestu leyti. Þá telur Skipulagsstofnun að komast megi hjá neikvæðum áhrifum á fornleifar með þeim aðgerðum sem Minjastofnun hefur lagt til.



### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. maí 2019.

Reykjavík, 10. apríl 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson